



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/2608*  
*komudagur 9.7.2004*

Reykjavík 9. júlí 2004.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslu um gildi laga um breytingu á útvarpslögum og samkeppnislögum, mál nr. 1012.

Um er að ræða sértæka lagasetningu varðandi tiltekin lög sem forseti lýðveldisins synjaði staðfestingar. Telja verður, að þar sem hvorki stjórnarskrá eða önnur lagasetning geyma ákvæði um aukinn meirihluta eða lágmarkspáttöku sé hið framlagða frumvarp í samræmi við meginreglur íslenskra laga um lýðræðislegar atkvæðagreiðslur, hvort heldur um er að ræða almennar kosningar eða starfsemi frjálsra félagasamtaka, á þann veg að meirihluti greiddra atkvæða skal ráða niðurstöðu óháð páttöku. ASÍ gerir því ekki athugasemdir við framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Alþýðusambands Íslands

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ.